

9.apríl 2025

Skólaráðsfundur í Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritari fundar, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Lilja Rut Bech Hlynisdóttir fulltrúi kennara, Erna Ýr Styrkárdsdóttir fulltrúi starfsmanna, Bjarni Þórðarson fulltrúi Ársels og fulltrúi foreldra, Árni Brynjólfsson fulltrúi foreldrafélags og Ragnhildur Lára Ragnarsdóttir og Róbert Blær Bjarnason fulltrúar nemenda.

Ellen hóf fundinn á að bjóða öll velkomin.

Fyrsti liður á dagskrá var niðurstöður á viðhorfskönnun starfsmanna sem lögð var fyrir í febrúar 2025. Í fyrsta sinn voru niðurstöðurnar aðgreindar eftir deildum skólans. Ekki bárust nægjanlega mörg svör úr hópi starfsmanna frístundar í ár. Fyrst var farið yfir niðurstöður grunnskóladeildar. Farið var yfir helstu niðurstöður og fimm hæstu og fimm lægstu þætti dregnir fram bæði í grunnskóla og á leikskóla. Einnig var skoðaður samanburður við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði. Starfsfólk Ártúnsskóla er ánæggt í starfi, það upplifir að það geti leitað til næsta yfirmanns þegar á þarf að halda, yfirmenn eru sanngjarnir við starfsfólk, og starfsfólk ber fullt traust til stjórnenda skólans. Það sem er með lágt skor í könnuninni er ánægja með launakjör, hljóðvist kemur ekki nógu vel út og fólk er ekki ánæggt með að það á ekki auðvelt með að taka sumarfrí á þeim tíma sem þeim hentar. Á leikskóladeild er líka þáttur með lágt skor sem snýr að ánægju með vinnu- eða skrifstofurými. Og það má sjá í könnuninni að húsnæði leikskóladeildar er ekki gott.

Starfsþróunarsamtölum er lokið á öllum deildum skólans og þar eru niðurstöður ánægjulegar. Starfsmenn eru ánægðir í starfi og liður vel og samskipti eru góð. Á leikskóladeild er áframhaldandi viðsnúningur og þar stefnir í góða mönnun eftir sumarleyfi. Það sama á við um frístund.

Framundan í maí eru skilafundir frá leikskóladeildum yfir í verðandi 1. bekk sem og skilafundur frá 7. bekk og upp í Árbæjarskóla. Vorið er einnig á næsta leiti og

þá senda umsjónarkennarar út maíáætlanir árganga þar sem settir eru inn dagar með uppbroti, vettvangsferðir og fleira. Í maí er einnig fyrirlögn á lesferli, auk kannana og prófa, vorhátíð, fótboldamót FUA og íþróttadagur svo eitthvað sé nefnt.

Í maí eru einnig unnar stuðningsumsóknir fyrir frístund næsta skólaárs.

Síðasti fundur skólaráðs verður 21. maí og það er opinn fundur fyrir alla foreldra og það verður auglýst í föstudagspósti til allra foreldra. Starfsáætlun skólaráðs næsta skólaár var einnig rædd sem og fundartími og ákveðið að hafa skólaráðsfundina á sama tíma næsta skólaár, þ.e. á miðvikudögum kl. 8:30.

Fundarritari

Guðrún Bára